

## Skýrsla forvarnar- og félagsmálafulltrúa skólaárið 2013-2014.

Hlutverkum félagsmála- og forvarnarfulltrúa var slegið saman í eina stöðu haustið 2013 og gegndi Málfríður Garðarsdóttir því skyldum beggja embætta skólaárið 2013-2014. Þetta gaf tilefni til samþættingar og ákveðinnar endurskoðunar á hlutverkunum. Eins var orðið tímabært að endurskoða forvarnarstefnu skólans og var það gert með hliðsjón af þeirri vinnu sem fram fer við mótun sameiginlegrar forvarnarstefnu framhaldsskólanna hjá FÍF.

Í samvinnu við nemendaráð og forvarnarhóp mótaði fulltrúinn sér áhersluatriði fyrir skólaárið og voru þau eftirfarandi:

### Áherslur skólaárið 2013/2014:

- Fjölbreytileikinn í fyrirrúmi
- Nýtt fyrirkomulag á böllum
- Foreldrapátttaka
- Aukið upplýsingaflæði
- Efla nemendalýðræðið
- Hvetja til samstöðu, stolts og samkenndar

Unnið var að þessum atriðum með fjölbreyttum hætti, auk hefðbundnari starfa skv. starfslýsingum: <http://fsu.is/index.php/verkaskipting#felagsmfulltr> og <http://fsu.is/index.php/verkaskipting#forvarnarfulltr>.

FSu er þáttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og var á skólaárinu 2013-2014 sérstök áhersla á geðrækt.

Guðfinna Gunnarsdóttir, fyrrverandi félagsmálafulltrúi fylgdi nýju nemendaráði úr hlaði, hitti þau að vori og aftur síðsumars til að skipuleggja nýnemadag, kynna fyrir þeim hlutverk sín og skyldur, helstu verkefni og dagskrá. Nýr félagsmálafulltrúi tók við fundasetu 2. september og fundaði vikulega með ráðinu eftir það.

Í nemendaráði sátu: Raket Lind Úlfhéðinsdóttir, formaður, Hjörtur Leó Guðjónsson/Hermann Gunnarsson, varaformaður, Svavar Berg Jóhannsson, gjaldkeri, Vala Rún Valtýsdóttir/Birkir Pétursson, formaður skemmtinefndar, Albert Rútsson, vefstjóri, Fríða Hansen formaður ritráðs, Heiðrún Huld Jónsdóttir, formaður leikráðs, Ívar Máni Garðarsson, formaður tækjanefndar, Árni Guðmundsson, formaður íþróttaráðs, Sindri Rúnarsson, markaðsstjóri og Andrea Ýr Úlfhéðinsdóttir, fulltrúi nýnema.

Fyrsta verkefni nemendaráðsins var **Nýnemadagurinn** og eins og áður segir hafði Guðfinna Gunnarsdóttir, fyrri félagsmálafulltrúi, þegar lagt grunninn að þeirri vinnu með ráðinu. Mun minna fór fyrir neikvæðri umræðu meðal nemenda um afnám busavígslna. Nemendaráðið stýrði ratleik, kynnti félagslífið og Ari Eldjárn kom og var með uppistand, að endingu grilluðu kennarar pylsur í sólinni og mál manna að dagurinn hefði tekist með ágætum.

Á skólaárinu voru haldin **fimm böll**. Nýnemaball, Halloweenball, árshátíð, froðu/rave-ball og lokaball. Öll böllin voru "lokuð böll", þar sem lokað var á ráp nemenda inn og út af dansleik sem þegar var hafinn. Nemendur tóku þessum breytingum með semingi og nokkur umræða fór fram um fyrirkomulagið. M.a. var aðkeypt gæsla á böllunum neikvæð og þótti sem "lokun" ballanna ýtti frekar undir ölvun en hitt. Frá fyrirkomulaginu var þó ekki hnikað og að árinu liðnu má fullyrða að skipulagið gengur ágætlega. Ölvun er oft töluverð í upphafi balla – meiri en áður var, en þegar líður á dansleikina hefur stemningin yfirleitt jafnast út og ástand nemenda sem eru undir áhrifum yfirleitt þökkalegt um lokun. Þetta gefur tilefni til **endurskoðunar á gæslumálum**, m.a. með aukinni aðkomu foreldra, markvissari leit á ungmönnum á leið inn á ballstað og skipulagsbreytingum í vaktafyrirkomulagi gæsluliða á böllunum sjálfum. Þessi endurskoðun hefur verið í ferli allt árið og mörg atriði þar verið í mótun. Mun nýtt gæsluskipulag taka gildi á komandi skólaári, þar sem krafa verður gerð um "foreldrarölt" fyrir utan ballstað fram að lokun dansleiks, að aðkeypt gæsla sé af báðum kynjum og sjái alfarið um leit á nemendum, björgunarsveitir eða aðrir aðilar með fyrstuhjálpar-réttindi sjái um "dauða herbergi" og að markvissara eftirlit sé með "reykinga-búri" fyrir utan ballstað. Öll fimm böll skólaársins voru vel sótt og að mestu átakalaus. Nemendum var boðið að blása í áfengismæli og komast í "**edrúpott**" á öllum böllum, nema því síðasta. Þátttaka var sæmileg, 40-70 nemendur blésu hverju sinni. Enginn nemandi tók þátt í hvert skipti. Vinningshafar úr "edrúpotti" voru dregnir á næstu kvöldvöku. Athuga þarf hvort hægt sé að gera "edrúpottinum" enn hærra undir höfði á komandi misserum. Alls voru níu nemendur kallaðir í viðtal til forvarnarfulltrúa eftir böll.

**Góðgerðardagar** voru haldnir í byrjun október í annað sinn og eru hefð sem er komin til að vera. Dagarnir tókust afar vel og nemendur virkir í söfnun, leik og störfum í tengslum við dagana. Safnað var fyrir fyrir flóttamannabörn í Sýrlandi í samstarfi við Unicef og alls söfnuðust 500 þúsund kr. í gegnum áskoranir. Kynning var haldin í miðvikudagsgati og fróðleik dreift á Facebook og með plakötum. Lokahátíðin tókst vel, en var kannski óþarflega löng. Nemendaráð hafði orð á því að þau hefðu gjarnan viljað sjá enn virkari þátttöku kennara í bæði söfnun og upplýsingavinnu, t.d. var lítið um umræður í kennslustundum sem tengdust efninu.

**Söngkeppnin** fór fram í nóvember og var með Sirkus-þema. Nemendafélagið samdi við körfuboltaakademíuna, sem var með tónleika í lðu daginn eftir. Þannig var hægt að samnýta leigu á hljóðkerfi og skipta með sér verkefnum sem snéru að uppsetningu og tiltekt. Söngkeppnin gekk vel, en aðsókn var þó með dræmara móti en verið hefur og er hugsanleg skýring að hún lá svo þétt upp að öðrum stórum tónleikum í sama húsi. Þannig hafði samstarfið við körfuboltaakademíuna bæði kosti og galla. Fjöldi atriða var takmarkaður við 11 þátttakendur með prufum og voru atriðin hvert öðru glæsilegra. Sigurvegarar voru þær Margrét Rún Símonardóttir og Iðunn og Bergþóra Rúnarsdætur, sem sungu eigin útsetningu á laginu Tonight eftir Enrique Iglesias. Þær héldu svo í aðalkeppnina á Akureyri í byrjun apríl og flugu áfram í 14-atriða úrslitin, sem sýnd voru í beinni á RÚV.

Stærsti viðburður nemendafélagsins skólaárið 2013-2014 var hiklaust uppsetning söngleiksins **Footloose**, sem frumsýndur var fimmtudaginn 6. mars. Formaður leikráðs var Heiðrún Huld Jónsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir var ráðin leikstjóri. Að sýningunni komu um 200 nemendur skólans með einum eða öðrum hætti. Hún hlaut styrk úr sjóði Menningarráðs Suðurlands og Sveitarfélagið Árborg lánaði ófullbúinn Menningarsal á Hótelinu undir sýningarnar, skólanum að kostnaðarlausu. Alls urðu sýningarnar tíu talsins og 1000 áhorfendamúrinn brotinn.

Skólinn tók þátt í **Gettu betur** og **Morfís**. Nemendaráð réð Jóhannes Bjarka Urbanic þjálfara fyrir Morfís-liðið og hópurinn komst áfram í 8-liða úrslit, sem má teljast nokkuð góður árangur hjá reynslulitlu liði. Gettu betur-liðið komst í 16-liða úrslit undir öruggri stjórn Hannesar Stefánssonar, en náðu þó ekki áfram í sjónvarpskeppnina. Nemendaráð gerði tilraunir til að auka stemningu í kringum þátttöku í þessum keppnum með beinum aðgerðum. Reynt var að skipuleggja klapplið og standa fyrir hópferðum til Reykjavíkur að fylgjast með okkar fólki. Það tókst sæmilega, en mál manna að betur má ef duga skal. Viðburðir sem þessir eru upplagt tækifæri til að efla samstöðu og skólástolt. Eins hefði nemendaráð mátt koma meira að þátttöku skólans í framkvæmdakeppninni **Boxinu**. Þar gekk liði skólans sérlega vel, en lítið fór fyrir því meðal nemenda.

Ritráð gaf út tvö **Nota Bene** blöð, sem borin voru í hús á öllu Suðurlandi. Eitt á haustönn og annað á vorönn. Blöðin voru ágætlega vel heppnuð, en Fríða Hansen, formaður ritráðsins, var á tíðum óþarflega ein með hitann og þungann af útgáfunni. Virkara ritráð hefði hugsanlega getað skilað efnismeiri blöðum, en útlit þeirra og umfang vakti þó athygli og viðbrögð fólks almennt mjög jákvæð.

Fjórar **kvöldvökur** voru haldnar á árinu: Nýnemakvöldvaka, jólakvöldvaka, konukvöld í samstarfi við Pakkhúsið og kosningakvöldvaka. Eins var eitt Fifa-mót skipulagt í samstarfi við Pakkhúsið. Kvöldvökur var allar vel sóttar og til fyrirmyndar. Kosningavakan var haldin á Frón, sem er nýmæli, og forvarnarfulltrúi setur ákveðið spurningamerki við "flytja slíkar kvöldvökur úr húsi. Kvöldvökur var nýttar til að draga vinningshafa úr "edrupottum" ballanna og á þeim voru alltaf einhver skipulögð skemmtiatriði og leikir. Að auki var nemendaráð með skipulagða leiki eða uppákomur í flestum **miðvikudagsgötum**, en viðurkenndu að þau hefðu getað nýtt þá tíma enn betur. Sérstaklega voru allir sammála um að miðvikudagsgöt eftir áramót, þegar töflubreytingar gerðu það að verkum að fleiri nemendur voru í húsi í götunum, hefði mátt skipuleggja enn betur. Vorönnin einkenndist þó ekki síst af verkfalli kennara og nokkuð flosnaði upp úr skipulagi nemendaráðs við það, þrátt fyrir góðan ásetning. Vikuna fram að árshátíð skipulagði nemendaráð **leynivínviku** og var þátttaka ágæt, en um 70 leynivínir voru skráðir til leiks. Markvisst var reynt að para saman leynivini sem ekki þekktust mikið fyrir, til þess m.a. að ýta undir samskipti fólks á milli "svæða" og vínahópa.

**Kátir dagar** og **Flóafár** voru í febrúar að vanda og gengu sérlega vel. Nánar um það í sérstökum skýrslum nefndanna, sem fylgja.

Nokkrar **íþróttuppákomur** voru skipulagðar á árinu. Hæst ber að nefna íþróttamót milli kennara og nemenda á góðgerðardögum. Við skipulag þess lagði íþróttaráð sig fram um að skipuleggja keppnisgreinar og velja í lið þvert á áhugasvið og getu nemenda skólans. Virkni ólíkra nemendahópa var áberandi meiri en verið hefur í slíkum keppnum og mikil almenn ánægja. Auk þess var farið í skíðaferð, tekið þátt í paintball-móti framhaldsskólanna og skólinn varð framhaldsskólameistari í lazertag'i. Áætlaður íþróttadagur í samvinnu við ML féll niður vegna verkfalls kennara.

**Heimasíðumál** nemendafélagsins eru í ólestri. Þjónusta við uppfærslur á síðunni var aðkeypt og framan af hausti gekk illa að fá viðkomandi aðila til þess að breyta og bæta því sem við vildum. Vefstjóri sýndi að auki lítið frumkvæði til að bæta þar úr og á endanum var málið komið í hnút. Við sögðum upp þjónustunni, en vegna verkfalls tafðist það að gera samning við nýjan hýsingaraðila og koma á laggirnar nýrri síðu. Verður það að vera

forgangsatriði nýs vefstjóra að ganga frá nfsu.is. Facebook var helsti miðill til að auglýsa viðburði og annað hjá nemendafélaginu. Krakkarnir stofnuðu viðburðargrúppu, sem nýttist ágætlega til að ýta við félagsmönnum sem gengu í hana. Eins er nemendafélagið með snapchat og instagram. Vert er að hafa í huga hve mikilvægur liður í vinnu forvarnar- og félagsmálafulltrúa með nemendaráðinu er almennt eftirlit með og umræða um það sem fram fer á þessum miðlum.

Tveimur **áhugamannafélögum** var hrint af stað á vorönn, en formlegum stofnfundum þeirra frestað til hausts – í og með vegna verkfalls. Um er að ræða feminstafélag annars vegar og League of legends –klúbb hinsvegar. Bæði félög eru góð dæmi um félagsskap sem höfðar til annarra nemenda en hefðbundið skemmtanahald nemendafélagsins og full ástæða til að fagna slíkri fjölbreytni. Vonandi verður klúbbum og áhugamannafélögum fjölgað enn á nýju skólaári.

Einn vegamesti pósturinn í forvarnarstarfi þessa skólaárs var það markmið forvarnarfulltrúa að auka og efla **samstarf við foreldra**. Undirrituð sat fundi með foreldraráði skólans og stofnaði í samvinnu við það facebook-síðu fyrir foreldra til að koma á framfæri upplýsingum og auka umræður um skólann og félagsstarf unglínganna. Eins var hafin útgáfa rafræns fréttabréfs Forvarðar, sem sent var á alla foreldra nemenda undir 18 ára aldri. Eitt tölublað kom út á hvorri önn og mæltist það vel fyrir.

Í samvinnu við foreldraráðið skipulagði skólinn upplýsingakvöld fyrir foreldra um netnotkun ungs fólks í lok október. Mæting var afar dræm og spurning hvort slík fyrirlestrakvöld séu vettvangurinn sem við eigum að vera að einbeita okkur að? Eins gátum við boðið foreldra í FSu velkomna á fræðslukvöld hjá Marítafræðslunni, um skaðsemi fíkniefna, sem haldið var á vegum forvarnarhóps Árborgar.

Undirrituð sat mánaðarlega fundi með **forvarnarhóp Árborgar**, en í honum eiga sæti fulltrúar lögreglu, heilbrigðisstofnunnar, félagsþjónustunnar, íþróttá- og tómstundaráðs o.fl. Sjálf sagt er að efla enn frekar samstarf við þessa aðila sveitarfélaga og ríkis og auka enn frekar árangursríkt samtal á milli stofnanna.

**Forvarnarstefnan** var í endurskoðun og tekin fyrir reglulega á fundum forvarnarteymis. Ný stefna er tilbúin og byggir að miklu leyti á drögum að stefnu FÍF. Aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár er langt komin og verður lögð fyrir forvarnarteymi í upphafi haustannar 2014.

## Lokaorð

Það var óvænt og nokkuð stórt verkefni í upphafi haustannar 2013 að taka við tveimur hlutverkum, finna þeim farveg og flétta þeim saman. Nemendaráðið var að mestu samsett af nemendum sem höfðu litla – eða enga – reynslu af störfum í nemendaráði og undirrituð sjálf enn að læra á praktíska þætti starfsins. Allt gekk þetta þó framár vonum og samstarfið tók fljótlega á sig skipulagða og skemmtilega mynd. Verkefni forvarnar- og félagsmálafulltrúa fara um margt vel saman og eru beintengd. Nemendaráðið tók yfirleitt vel í flestar forvarnaraðgerðir og –tillögur, voru jákvæð, kraftmikil og góð. Sérstaklega á haustönn og framanaf vorönn. Verfall kennara setti óhjákvæmilega strik í reikning á þessu sviði sem og öðrum. Þrátt fyrir eindreginn ásetning um að ætla að nýta verkfallið til öflugs félagsstarfs, virtust krakkarnir ekki hafa sig í þá vinnu ein, nema að litlu leyti. Þannig frestaðist eða féll niður ýmislegt sem þau höfðu áætlað að gera.

Breytingar á fyrirkomulagi skóladansleikja og skemmtana eru í farvegi. Böllum hefur verið lokað, boðið var upp á að blása í áfengismæli og taka þátt í edrúpotti á böllum, einhver foreldrabátttaka var á flestum böllum og áfengisleit við dyrnar er komin í hendur aðkeyptu gæslunnar. En betur má ef duga skal. Það verður verkefni næsta skólaárs að herða enn á eftirliti og auka til muna samstarf við foreldra. Eins vill undirrituð að farið verði í gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi fjármála Nemendafélagsins. Gríðarleg fjárvelta er í félaginu og lítið sem ekkert eftirlit með því sem kemur inn og fer út.

Eins er mikilvægt að efla stórlega aðkomu og þátttöku nemenda og foreldra í ákvörðunum sem lúta að starfsemi skólans. Með aukinni lýðræðisvæðingu má gera ráð fyrir enn öflugri skólaanda og bættum skólabrag. Það á jafnt við vinnu tengda Heilsuefandi framhaldsskóla, innleiðingu nýrrar námskrár, breytingar á umsjónarkerfi og samstarf og þátttöku nemenda í félagsstarfi, þvert á hópaskiptingu og heimahaga.

Uppeldisstarf og það nám sem fer fram í félagsstarfi við skólann mætti ná til mun stærri nemendahóps og vera metið að verðleikum.

Áfram framtíðin,  
Málfríður Garðarsdóttir  
Forvarnar- og félagsmálafulltrúi  
Selfoss, 30. maí 2014

# KÁTIR DAGAR 2014

Kátir dagar 2014 gengu mjög vel. Skipulag var gott og það var almenn ánægja með fyrirlestra, námskeið og utanumhald. Einnig þótti gott að það sem var um að vera var inni í skólanum og mjög margir nemendur á svæðinu allan tímann. Það sem tókst til dæmis afar vel og var vinsælt var kraftakeppnin og pulsupartýið. Lokahnykkurinn var í lðu á fimmtudeginum klukkan 11 og þá fóru margir heim.

Vegabréf voru notuð til að merkja mætingar og það gekk afar vel. Nemendur tóku þetta alvarlega og skiluðu vegabréfinu til umsjónarkennara klukkan 11 á fimmtudeginum. Það hefði frekar átt að hafa þetta eftir lokahnykkinn í lðu, þannig hefðum við haldið nemendum lengur á svæðinu.

Flest á dagskránni gekk vel og var mikil ánægja með þetta allt saman. Það sem þarf að skoða:

**Gekk ekki vel:** fjármálafyrirlestur.

**Má sleppa:** Harry Potter maraþon og Dale Carnegie.

**Endilega hafa:**

- Modern Family maraþon
- Tipp-fyrirlestur 1X2
- Hárgreiðslunema
- Blush
- hárgreiðslukynning (Theodóra Trendnet)
- Kokteilar (óáfengir)
- Blóðbíllinn (jafnvel sniðugt að panta hann líka á haustönn)
- Metabolic
- Hjólabrettasvæði (hægt að fá lánað hjá Sunnulækjarskóla)

**Annað:**

- Gera meira kósý í maraþon-stofunum (nem. geta komið með eitthvað sjálfir).
- Hafa meira samráð á milli nefnda í nemendaráðinu, mötuneytis og starfsbrautar.
- Muna að vera í góðu sambandi við starfsmenn mötuneytis.
- Passa að láta fyrirlestra ekki skarast.
- Tæknimaður þarf að vera fast ur frammi.
- Einhver með míkrófón þarf einnig að vera til staðar allan tímann.
- Passa að hafa ekkert í gangi frammi (sem er með hávaða) þegar eitthvað er í gangi í salnum.
- Passa að hafa stemningu í miðrými. Eins og t.d. með kollhnísakeppni og stoppdans.

# HVERNIG UNDIRBÚUM VIÐ KÁTA DAGA?

1. Fáum hugmyndir frá nemendum í umsjónartíma.
  - a. Semja texta og senda Ragnheiði sem sendir síðan á umsjónarkennara. Þarf að gera þetta með fyrirvara þannig að gert sé ráð fyrir umræðu um Káta daga í umsjónartíma.
  - b. Hvetja nemendur til að koma með alls konar hugmyndir, sama um hvað það snýst. Ekki vera feimin!
2. Vinna úr þeim hugmyndum sem koma frá nemendum.
  - a. Setja allar hugmyndir í excel.
  - b. Fara yfir allar hugmyndir og flokka þær.
  - c. Skipta með sér verkum og fara að hringja.
3. Þegar hringt vegna fyrirlestra eða námskeiða þarf að spyrja um:
  - a. Kostnað.
  - b. Lengd fyrirlesturs/námskeiðs.
  - c. Hvaða þarf að nota (tölva, ritföng ...).
  - d. Dagsetning og tími dags.
4. Skipta með sér verkum
  - a. Einn sem heldur utanum skráningu.
  - b. Einn sem heldur utanum kostnað (t.d. gjaldkeri nemendaráðs).
  - c. Setja skiladag á hugmyndir vegna dagskrár.
  - d. Auglýsa viðburði með fyrirvara.
  - e. Skráningar á fyrirlestra og viðburði með fyrirvara. Muna að auglýsa, t.d. á FB, hverjir eru skráðir, eitthvað var um bullskráningar.
  - f. Vegabréf ganga vel.
  - g. Fjölbreytt dagskrá.

# MATUR

Alltaf að gera ráð fyrir 300 manns þegar verið er að panta. Við pöntuðum allt of mikið.

Vangaveltur um mat – eigum við að hafa svona mikinn mat? Það dregur fólk að en krefst mikils undirbúnings og mikla tiltekt.

**Kjörís gaf 1000 íspinna.**

**Kaffihús í mötuneyti.** Það gekk ekki vel. Var það staðsetningin? Fáir sem fóru alveg inn í enda þar sem alltaf var eitthvað um að vera í miðrýminu. Hafa eitthvað einfaldara? Kleinur og ... hugmynd. Sleppa kaffihúsinu, þær mega fara í frí (mötuneytið getur jafnvel alveg lokað).

**Hádegismatur á miðvikudegi:** pantaðar pizzur frá Dominos (65 stk.). Giskum á að við hefðum getað selt meira, 80 stk. hefði verið fínt. Sneiðin seld á 150 krónur, heil pizza á 1200 krónur, þrjár sneiðar og gos á 500 krónur. Gos á 100 krónur.

**Morgunmatur á fimmtudegi:** Hann er ókeypis. Álegg; ostur, spæjó og skinka keypt. Alveg nóg að hafa ost (gott að hafa hitt ef það fæst gefins). Ekki fá vinarbrauð, bara brauðmeti. Guðnabakarí hefur gefið. Þarf að minna á það. Fá hnífa frá mötuneyti F.Su. og það var boðið upp á kókómjólk í morgunmatnum (og með pullunum á fimmtudegi). Við vorum ekki með ávexti og ABT mjólk eða eitthvað álíka og sumum fannst það vanta.

**Grillaðar pylsur í hádeginu á fimmtudegi:** Það voru kennarar úr Hamri sem sáu um að grilla pullur. Þær voru seldar á tilboðsverði, 100 krónur. Einnig var selt gos og kókómjólk á 100 krónur.

**Athuga – þarf að taka VEL til eftir allt saman!!!**



## SKREYTINGAR

- Þarf að skreyta skólann daginn áður.
  - Blöðrur – út um allt !!!
  - Manntafl (teipa á gólfið).
  - Karnival (lukkuhjólíð) .
- Merkja stofur daginn áður.
  - Prenta út merkingar fyrir fimmtudaginn.
- Auglýsingar eiga að fara upp með fyrirvara – auglýsa viðburði vel. Hreins auglýsingatöflu frammi, þá verður sýnilegra það sem sett er upp á hana fyrir Káta daga.
- Virkja alla betur – nemendaráð, íþróttaráð, skreytingarnefnd, gjaldkera, formann ...

## KENNARAR

- Merkja kennara. Sniðugt að útbúa spjöld (án ártals), plasta og nota þannig á hverju ári. Þá þekkjast þeir auðveldlega. Kom ábending um þetta.
- Senda út lista með viðveru kennara með nokkurra daga fyrirvara. Kennarar geta skipt innbyrðis.
- Hafa pósta skýra og góða sem sendir eru umsjónarkennurum.
- Skrifa leiðbeiningar um það til hvers er ætlast af umsjónarkennurum og einnig þeim kennurum sem sjá um skráningar og fleira á Kátum dögum (skráningar og fleira).
- Umsjónarkennarar þurfa að fá vegabréf daginn áður.

## ANNAD

Vegabréfin gengu vel – sniðugt að setja þau í pott og draga í lokin og veita verðlaun!

Það tekur smá tíma að setja upp maraþonin, þess vegna er gott að hafa eitthvað í gangi frammi fyrir alla á meðan þessi vinna fer fram. Gott að einhver sem ekki er í KD nefnd sjái um það. Nefndarmenn hafa nóg að gera við að taka á móti fyrirlesurum og sjá um að allt fari vel fram.

Á að taka Flóafár og Káta daga í sundur? Flytja Káta daga í apríl? Þá er meiri möguleiki á því að vera úti; kraftakeppni, hjólabrettabraut og fleira.

Kostnaður þarf að vera skýr strax frá skóla og nemendaráði.

Láta nemendur skila vegabréfi í lok Kátra daga – eftir lokahnykkinn í lðu.

# DAGSKRÁ KÁTRA DAGA FEBRÚAR 2014

## MIÐVIKUDAGURINN 26. FEBRÚAR 2014

MIÐVIKUDAGUR 09.45-15.00	Klukkan	Staður	ALLUR DAGURINN (frá 10.15)	Staður
Umsjón, vegabréf	Kl 9.45		Spákona	209
Setning Kátra daga	Kl 9.50	Salurinn	Friends, maraþon	203
Gettu betur	Kl 10.00	Salurinn	Harry Potter, maraþon	205
Manntafl	Kl 10.00	Miðrými	Family guy, maraþon	204
AFS, sjálfboðaliðakynning	Kl 10.15	207	Knights of Nexus, leikir, myndir og comics	211
Ljósmyndanámskeið	Kl 10.15	208	Texas Hold'em (1000 kr)	103
Trendnet, förðunarkynning	Kl 10.15	201	Skákmót	315
Keilir, einkaþjálffarar	Kl 10.15	206	Stuttmyndakeppni	Tala við Fríðu
Sushi 1 (2,5 klst)	Kl 10.30	Eldhús	Opið hjá Ágústu (200kr)	301
Lalli töframaður	Kl 10.30	Salurinn	Ljósmyndamaraðon	Tala við Örn
Brjóstsykursgerð 1	Kl 11	202	Kaffihús	Mötuneyti
Logi Geirs, afreksmaður	Kl 11	Salurinn	Neglur (3000 kr)	
Trendnet, förðunarkynning	Kl 11.15	201	Prjónahorn	Miðrými
			<b>CARNIVAL í miðrýminu (frá 10.30)</b>	
<b>MATUR</b>	Kl 12 -13	Miðrými	Lukkuhjól	
Hestakeppni	Kl 13	Brávellir	Kollhnísakeppni	
Blóðþrýstingsmælingar	Kl 13	206	Limbó	
Brjóstsykursgerð 2	Kl 13	202	Snúsnú með 2 böndum	
Dale Carnegie, sjálfstyrking	Kl 13	Salurinn	Hjólþörukeppni	
Sushi 2 (2,5 klst)	Kl 13	Eldhús	Tónlist og læti	
Zumba	Kl 14	Salurinn	Pizzur og gos	Klink
Kilroy, námsferðir	Kl 14	210	Frostpinnar	Frítt
Fjármálafyrirlestur	Kl 14	201	Candyfloss	Klink

## FIMMTUDAGURINN 27. FEBRÚAR 2014

FIMMTUDAGUR 8.30-11.00	Klukkan	Staður		ALLUR DAGURINN	Staður
Morgunmatur	Kl 8.30	Miðrými		Spákona	209
Forritunarnámskeið	Kl 9.00	303		Friends, maraþon	203
Pole fitness	Kl 9.00	201+Miðrými		Harry Potter, maraþon	205
Austurlensk matargerð	Kl 9.00	Eldhús		Family guy, maraþon	204
Blóðþrýstingsmælingar	Kl 9.00	206		Knights of Nexus, leikir ...	211
Sigga Dögg, kynlífsfræðingur	Kl 9.30	Salurinn			
Sýslumaður, mikilvægi blóðgjafar	Kl 10.00	210			
Brjóstsykursgerð 3	Kl 10.00	202			
Næring og heilsa, fyrirlestur	Kl 10.00	201			
Mæting til umsjónarkennara, skila vegabréfi	Kl 11.00				
Íþróttamót í IÐU	Kl 11.00				

Guðbjörg Grímsdóttir

Ida Løn

## Flóafár 2014

## Skýrsla nefndar



---

Eyrún Björg Magnúsdóttir  
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir  
Linda Rut Larsen

# Flófár 2014 - skýrsla

---

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	13
Kostir Flóafárs sem verkefni: .....	13
Framkvæmd á Flóafársdag 2014: .....	14
Atriði til að hafa í huga næst: .....	14
Kvartanir/ábendingar: .....	15

## Inngangur

Flóafár var haldið föstudaginn 28. febrúar í kjölfar 2ja káttra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Eyrún Björg Magnúsdóttir, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir og Linda Rut Larsen. Nemendur íþróttaráðs í nefnd voru: Árni Guðmundsson, Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Sveinn Orri Sveinsson, Halldór Bjarnason, Einar Jakob Jóhannsson. Í lokin voru liðin 5 talsins, **Team Rock-it** liðstjóri Þórdís Mjöll og Hulda Kristín, **Mexicanos**, liðstjóri Ingveldur Anna Sigurðardóttir og Esther Ýr Hallsdóttir, **Herkúles**, liðstjóri Grétar Ingi Guðmundsson og Sólrún Einarsdóttir (Rökkvi Hljómur Kristjánsson), **Lion King** liðstjóri Katrín Arna Kjartansdóttir og Aðalbjörg Ýr. **Blue Mountain State** Liðstjórar: Birkir Pétursson og Sindri Rúnarsson

Nefndin klæddist flugfreyju og flugmannabúningum, upphaflega var hugmyndin að vera í Jesú/lærissveinabúningum en það þótti of líkt Herkúles-búningunum svo við skiptum um skoðun á síðustu stundu.

Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar bæði hratt og vel. Fyrir það fá liðin þau stig og það lið sem fær flest stiginn vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veitt verlaun fyrir heildarsvip, heróp, borðlagningu, svæði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulögga) hljóta verðlaun.

## Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni vonandi eftir annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitsemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum (verkfræði). Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að

innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

## **Framkvæmd á Flóafársdag 2014:**

- Þetta árið ákváðum við að hafa öll svæðin á neðstu hæð, það gekk upp þar sem liðin voru fá.
- Það var ákveðið að hafa liðstjóraráð, þ.e. 2 liðstjóra í hverju liði.
- Liðin voru látin koma með tilþrifum niður stiga eins og var gert í gamla daga, það kom vel út og myndaði stemmningu.
- Í stað refsistiga ákváðum við að hafa „plús-stig“, það heppnaðist vel.
- Í ár slepptum því að kaupa blóm fyrir vinningshafa kennarabúninga, þannig að kennarar fengu viðurkenningarskjöl eins og nemendur. Það er alveg nóg enda óþarfi að fjölga verkefnum með blómmainnkaupum.
- Við létum nemendur úr nemendaráði vera með hljóðnema og stjórnna því. Sumir vilja frekar að það sé kennari en nemandi og hægt að færa rök fyrir hvoru tveggja.
- Fríða og Ægir sig sáu um stigagjöf í pönkarabúningum.
- Það gekk vel að ná stigmiðum úr stofum.
- Eitthvað var um að lið væru farin að öskra inni í sal án þess að búið væri að ljúka þrautinni. Þetta viljum við að verði öðru vísi næst.
- Kústar, moppur og ruslailát voru aðgengileg fyrir liðin sem vilja þrifa eftir sig – þetta virkaði svo vel í ár að eftir var tekið. Við losuðum rusl daginn áður þannig að nóg pláss var fyrir nýtt rusl.
- Búið var að prófa græjur eins og miki kvöldið áður.
- Íþróttaráð flokkaði flöskur/dósir.
- Ný þraut var myndataka í lðu
- Ný þraut farið í Vallaskóla
- Linda sá um að kynna flóafárið og liðin fyrir nemendum starfsbrautar, það þarf að hafa það til eftirbreytni áfram að það sé kennari, starfsmaður sem þau þekkja og tengjast.
- Bæði nemendaráð og skólinn tóku þátt í að greiða fyrir pizzuveislu fyrir sigurvegarana.
- Herkúles vann Flóafárið og heildarsvipinn, Team-rock-it vann herópið, Mexicanos vann borðlagningar, BMS vann besta svæðið, Lion King vann besta skemmtiatriðið.
- Kennarabúninga unnu draugarnir Gurrý og Brynja og pönkararnir Ægir og Fríða lentu í 2.sæti og grýlan Guðfinna í 3. Sæti. Margir kennarar voru hissa á að Derrik og Harry Klein fengu engin verðlaun.

## **Atriði til að hafa í huga næst:**

- Dreifa ábyrgð á fullorðna fólkið
- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega

- Næst viljum við að liðin verði látin útbúa glærur sem sýndar verða í umsjón áður en skráning hefst, þannig að þetta þarf að gerast fljótlega eftir áramót. Í ár höfðum við ekki aðgang að umsjónartímum vikunnar fyrir Flóafár vegna nemendaviðtala.
- Það vill enginn taka þátt í að vera í Flóafársnefnd ef það þýðir að viðkomandi beri fulla ábyrgð á öllu batteríinu þ.m.t. ræstingar, sanngirni í fyrirgjöf, að engum sárni t.d. starfsbraut.
- Brýna fyrir kennurum að ganga frá á sínu svæði/stofu áður en skólinn er yfirgefinn (gefa stig?)
- Kennarar sem hafa fengið öll lið í þraut eiga að skila þrautarmiðum til stigavarða og mögulega taka þátt í að safna þrautamiðum.
- Hafa hurðir opnar þegar þraut er ekki í gangi.
- Miðum utan á stofum má snúa við eftir að öll lið hafa mætt.
- Passa að liðin (allir) viti hverjir eru í flóafársnefnd.
- Hengja þarf upp skráningarblöð fyrr sem gerir nemendum kleift að velja sér lið eða hafa rafræna skráningu, banna söfnun, nemendur skrá sig sjálfir. Hámarksfjöldi sem geta skráð sig, svo er afgangsnemendum dreift á liðin.
- Tókst vel að hafa skemmtiatriðin á eftir fárinu í fyrra núna slepptum við einhverjum í skemmtiatriði of snemma, þarf að vera eftir að öll liðin klára en samt ekki hægt að láta liðin öskra úr sér lungun ofan í stigaverði í mjög langan tíma. Spurning hvort það verði hægt að vera með myndatöku í millitíðinni, úti. Liðin skila fánum á þartilgert svæði, þá sést hvaða lið eru búin. Liðin fara í myndatöku og herópin í lokin, eftir skemmtiatriði.
- Það voru mistök að fá ekki Örn Óskarsson í það að taka myndir.
- Tókst vel að hafa pizzuveisluna á Þorlákshafnarsvæði.
- Passa þarf að stigamiðar séu í öllum stofum, vantaði á svæði eitt svæði og var því kippt í liðinn.
- Passa upp á að „we are the champions“ sé á tölvu eða cd – slepptum þessu í ár, vorum með fluglög, muna að hafa viðeigandi lög tilbúin. Vera með countdown á vídeói, youtube.
- Reyna að fjölga liðum.
- Minna stigaverði á að hafa sýningu á lokatölum undirbúna. Ekki sýna bara í einu vetfangi allar niðurstöður.
- Næst viljum við að mismunandi dómnefndir velji sigurlið fyrir hver aukaverðlaun fyrir sig. Þannig er hægt að útiloka samráð. Stjórnendur t.d. velja heildarsvip og skila því í lokuðu umslagi, flóafársnefnd velji svæði og skili í lokuðu umslagi, íþróttaráð velji heróp og svo tvö kennarapör annars vegar borðlagning og hinsvegar skemmtiatriði.

### **Kvartanir/ábendingar:**

- Sumir vilja að skipt sé í 8-10 lið handvirkt áður en liðstjórar eru útnefndir.
- Flóafársnefnd tekur yfir mike og stjórnun á upphitun og niðurstöðum.

- Íþróttaráð fær ekki að sjá stigatöflu, það kvisast út.
- Íþróttaráð sækir stig, kemur til stigavarða.
- Íþróttaráð sér um upphitun? Kennarar sáu um það núna að ósk íþróttaráðs. Upphitun má vera meiri hreyfing og læti.
- Leyfa þarf öllum að herópa í lokin.
- Bannað að koma sér inn í sal fyrr en fánaberinn er kominn inn! Ætlum að vinna á því með því að skila fánunum á sér stað frekar.
- Refsistig fyrir að skilja eftir þraut?
- Athuga að verðlaunabikar sé á skrifstofu.
- Skemmtiatriði sýnd eftir að seinasta lið hefur skilað inn fána.
- Athuga með afþreyingu meðan seinni liðin eru að klára, myndataka?
- Næst má vera á kristaltæru fyrirfram hvernig stigagjöf er háttað – gagnsæi.